



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
Landssamband björgunarsveita

Alþingi
Erindi nr. P 125/1894
komud. Alþing 28. 4. 2000

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Reykjavík 28. apríl 2000

Rannsóknir sjóslysa, 567. mál og siglingalög 568. mál
Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar

1. Rannsóknir sjóslysa, 567. mál

Slysavarnafélagið Landsbjörg fagnar framlögðu frumvarpi til laga um rannsóknir sjóslysa en vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við samgöngunefnd:

- a) Í 4. gr. segir : “Samgönguráðherra skipar fimm manna nefnd kunnáttumanna til fjögurra ára í senn til að rannsaka sjóslys. Nefndarmenn skulu hafa menntun og starfsreynslu á þeim sviðum sem sérstaklega nýtast við sjóslysarannsóknir.”
Hér þarf að kveða á um að einn sé formaður nefndarinnar líkt og í lögum um flugslysarannsóknir.
- b) Í seinni hl. 5. gr. segir m.a. : “Nefndin skal m.a. rannsaka:
a. sjóslys þar sem skráð skip eiga hlut að máli og sem verða á íslensku yfirráðasvæði,
b. sjóslys þar sem skip skráð á Íslandi á hlut að máli, hvar sem það er statt í heiminum,”
Hér þyrfti að hafa orðalagið sjóslys eða atvik. Tilvik þar sem legið hefur við slysi hafa ekki verið rannsökuð fram til þessa. Með breyttu orðalagi væri nefndinni fært að taka til rannsóknar slík atvik.
- c) Í 2. mgr. 6. gr. segir: “Nú verður sjóslys sem ekki fellur undir 1. mgr., sbr. 1., 2. og 5. gr., og ber þá skipstjóra, útgerðarmanni, Tilkynningarskyldu íslenskra skipa, Landhelgisgæslu, lögregluyfirvöldum eða öðrum sem verða þess áskynja að tilkynna og ganga úr skugga um að rannsóknarnefnd sjóslysa fái vitneskju um slysið.”
Hér þarf að kveða skýrar að hvað varðar skyldur aðila til að láta rannsóknarnefnd sjóslysa fá vitneskju um slys. Í stað orðalagsins “... að tilkynna og ganga úr skugga um ...” ætti að vera “... skylda til að tilkynna og ganga úr skugga um...”

- d) Ekki er gert ráð fyrir í frumvarpi þessu að nefndin leitist við að taka upp eða mynda flök skipa í rannsóknartilgangi né að leitast sé við að ná upp líkum manna sem farast með skipum sé þess nokkur kostur. Slíkum ákvæðum væri hægt að bæta við 7. greinina á eftirfarandi hátt:
”Hafi skip sokkið og menn farist skal nefndin eftir fremsta megni leitast við að láta ná hinum látnu upp. Einnig skal leitast við að rannsaka flakið á hafsbotni með myndatöku eða annarri hentugri tækni eða ef aðstæður leyfa að ná því upp til frekari rannsókna.”
- e) Í 14. gr. frumvarpsins: “Nefndin skal í lok hvers starfsárs semja yfirlit um hvernig tillögum hennar hefur verið framfylgt og senda samgönguráðherra. Yfirlitið skal birta í heildarskýrslu nefndarinnar. Nefndin skal gefa út heildarskýrslu um störf sín ár hvert og afhenda ráðherra. Rannsóknarnefnd sjóslysa sér um að dreifa skýrslum nefndarinnar um einstök mál. Skýrslurnar skulu teljast opinber gögn. Skýrslur nefndarinnar má selja á kostnaðarverði.”
Slysavarnafélagið Landsbjörg telur mjög mikilvægt að tekið sé skýrt fram í lögum hver eigi að sjá um og kosta útgáfu á heildarskýrslu nefndarinnar og einnig að setja tímamörk varðandi útgáfu þannig að skýrslur nefndarinnar séu ekki gefnar út mörgum árum síðar eins og nú er. Samkvæmt orðalagi greinarinnar ber nefndinni ekki lengur að gefa út í heildarskýrslu sinni niðurstöður einstakra mála. Því er lagt til að breyting verði gerð á greininni þannig: “Nefndin skal gefa út heildarskýrslu um störf sín ár hvert ásamt niðurstöðum einstakra mála og afhenda ráðherra.”

Slysavarnafélagið Landsbjörg vonar að frumvarpið verði samþykkt á yfirstandandi þingi.

2. Siglingalög 568. mál

Slysavarnafélagið Landsbjörg gerir ekki athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Virðingarfyllt
f.h. Slysavarnafélagsins Landsbjargar



Örn Guðmundsson
skrifstofustjóri.